

En svo smá breyttist þetta skólafyrirkomulag. Maðurinn proskaðist. Nýrri skólar urðu að taka þeim eldri fram. Uppfræðslumálin fóru að sæta meiri eftirtekt, og það álit smá hætti, að þau væri algjört „íðjuleysi.“ Fastir skólar komust á. Bókasöfn mynduðust. Rit hinna eldri voru lögð til grundvallar nýjum rannsóknum, og þannig fetaði hin blómlega suðræna menning áfram hægt og seint, unz hún náði sínu hæsta stigi um það leyti, er hið rómverska keisaradæmi hófst, eða um árið 14 f. K. Skólar komust á stofn í helztu borgum Miðjarðarhafslandanna, og þangað hópuðust lærðir menn úr öllum áttum.

Frægastir allra þessara fornaldarskóla urðu þó skólarnir í Alexandríu á Egyptalandi og í Antioch í Litlu-Asíu. Alexandríu skólinn stóð með miklum blóma í margar aldir, unz Serkir eyðilögðu hann að síðustu, er þeir hertóku borgina á 7. öld e. Kr. Við Alexandríu skólann voru flestir hinir merkustu fræðimenn fornaldarinnar, og nokkrar þeirra kennslubóka, er þar voru samdar, eru notaðar til þessa dags, eins og til dæmis jarðmælingafræði Euclíds (Geometría). Þar var og samin hin fyrsta landafræði með landauppráttum. Hana gjörði Ptolemeus, hinn frægi gríski stjörnuspekingur og vísindamaður. Þar var og heimspeki kennd, guðfræði og fleira. Og var þar fyrst fyrir alvöru farið að reyna að útskýra hina fornu goðafræði Grikkja og Gyðinga á heimspekilegan hátt, og reynt að draga úr mótsögnunum og koma einhverjum þræði í kenninga kerfin. Allar hinar grófari sagnir voru látnar tákna sem dæmisögur, en ekki eins og þær voru upphaflega ætlaðar frá höfundunum, sem virkileg frásaga. Þar byrjar og sá kenningarmáti, er kyrkjan hefir haldið við síðan hún kom á gang, að gjöra aðgreining rita, skipa þeim niður í tvo flokka, heilög og vanheilög eða algeng rit. Sérstaklega byrjar þetta eftir að Gyðingar fóru að hafa afskipti af skólanum, sem er um miðja fyrstu öld e. K., því þeir héldu fram sínum ritum sem heilögum og opinberuðum; aðallega voru það þó lög Mósesar og dómara og konungabækurnar.

Eins og eðlilegt er, hafði þetta stóra afleiðingu í för með sér. Það tvískifti strax rannsóknar stefnunni. Þær bækur, sem heilagar voru, urðu að vera réttar, og allt sem fræðimaðurinn og nemandinn þurfti að gjöra var aðeins að vita, hvað þær inni-